

Jón Karl Helgason:

HETJUR OG HIMPAGIMPI

Um siðahugmyndir og Hómerskviður*

Það er því bön mín, að enginn yðar bryddi á ójöfnuði hér á heimili mínu; því nú hefi eg fengið skynbragð og vit á því, sem er gott og illt, þar sem eg fyrr meir var sem barn. (Od. 326)

Mönnum hefur löngum þótt miklu skipta að bera skynbragð á sannleikann og ekki síst á hvað sé gott og illt, rétt og rangt. Þeir hafa líka löngum deilt um hvort eitthvað sé til sem sé rétt og gott í sjálfu sér eða hvort þessi gildi séu háð þeirri menningu og þeim tíma sem um ræðir. Sókrates og Platón voru dyggir málsvarar fyrrnefnda viðhorfsins; Sókrates tefldi því fram í gagnrýni sinni á hentistefnu sófistanna en Platón í frummynda-kenningunni þar sem frummyndirnar eru óbreytanlegar og eiga allar hlutdeild í eilífri frummynd hins góða. Gegn þessu viðhorfi hafa margir bent á að mælikvarðar góðs og ills hafi ekki verið hinir sömu fyrr á öldum og nú og að þeir séu misjafnir eftir menningarheimum. Siðferði og siðgæðishugmyndir okkar Íslendinga eru til að mynda eilítið frábrugðin því siðferði og siðgæði sem Tyrkír búa við. Ekki er víst að þessi viðhorf séu með öllu ósamræmanleg. Enda þótt siðferðileg breytni manna miðist iðulega við ákveðnar siðgæðishugmyndir og allur gangur sé á þeim siðferðilega veruleika og því gildismati sem maðurinn hefur alist upp við í sögunnar rás, er ekki þar með sagt að útilokað sé að komast að einhverjum niðurstöðum í siðferðilegum efnum.

Rétt er að geta þess að hér verða ekki settar fram einhverjar gullvægar staðhæfingar um rétta eða ranga breytni. Viðfangsefnið einskorðast við siðahugmyndir og verk Hómers, *Ilíonskviðu* og *Odysseiskviðu*. Á þessi tengsl siðgæðis og siðferðis er hins vegar minnst til að gera að nokkru leyti grein fyrir því verkefni sem blasir við slíkri orðræðu. Það er vandasamara fyrir þá sök að í bókmenntum er unnt að skoða siðahugmyndir frá ýmsum ólíkum sjónarhornum, sjónarhornum sem getur þó veist erfitt að greina að og eiga til að skekkja hvert annað.

* Þessi ritgerð var upphaflega skrifuð sem áfangi í nánskeiðinu „Fornaldarbókmenntir“ sem Kristján Árnason kenndi í Almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands haustið 1986. Hún birtist hér að mestu óbreytt.

„Bækur eru skip á siglingu um hinn óendanlega útsæ tímans," er haft eftir Francis Bacon og um fáar bækur eiga þessi orð betur við en Hómerskviður. Sögusvið þeirra beggja er Eyjahafið á 12. öld f. Kr. og tengjast þær 10 ára umsátri Grikkja um Trójuborg. *Ilionskviða* fjallar um nálega 50 daga tímabil á síðasta ári umsátursins en *Odysseiskviða* um hrakningar og heimkomu Odysseifs eftir sigur gríska hersins yfir Trójumönnum. Talið er að kviðurnar hafi ekki verið ortar fyrr en fjórum öldum eftir umsátrið en byggt þá á munnlegri geymd. Þær eru elstu bókmenntir Evrópu og hafa fyrir löngu skipað sér sess meðal sígildra verka í vestrænni menningu. Óhætt er að fullyrða að siglingu þeirra um útsæ tímans er hvergi nærri lokið en það sem ég vildi vekja athygli á er að þær hafa þrjá ólíka viðkomustaði á þessari langferð: sögusvið sitt, ritunartíma, og þá stund í samtíðinni meðan þær eru lesnar. Sá sem tekur sér fyrir hendur að túlka siðahugmyndir bókmennta af þessu tæi þarf því ekki einungis að gæta að tengslum siðgæðis og siðferðis heldur blandast um stundarsakir hjá honum þrenns konar siðferði: veruleiki hans eigin samtíðar, sá veruleiki sem höfundurinn bjó við og loks sá siðferðilegi veruleiki sem birtist í sjálfu verkinu.

Vilhjálmur Árnason heimspekingur hefur gert þessum *siðferðisvanda* túlkandans glögg skil í greininni „Saga og siðferði" sem birtist í Tímariti Máls og menningar 1985, en þar fjallar hann um túlkanir á siðfræði Íslendingasagna. Hefur grein hans verið mér ómetanleg stoð við þessa ritgerðarsmið enda eru líkindi Hómerskviða og Íslendingasagna mikil. Meginhluti greinar Vilhjálms fjallar um þær ólíku leiðir sem menn hafa farið við túlkun á siðferðishugmyndum Íslendingasagnanna, en hér á eftir mun ég hvort tveggja gera grein fyrir þessum leiðum og fara eftir þeim við túlkun á kviðunum. Loks reifa ég þá túlkunarleið sem Vilhjálmur telur sjálfur vænlegasta og athuga hverjar niðurstöður hún færir okkur um skáldskap Hómers.

Blinda túlkandans

Þegar í upphafi leggur Vilhjálmur ríka áherslu á að í siðferðisumræðu um bókmenntir sé afar mikilvægt að forðast siðferðilega dóma sem endurspeglar *eigið* siðamat, menn verði að reyna að öðlast

skilning sem tekur mið af heildarsamhengi verka, það er hugmyndaheimi og veruleika þeirra sjálfra. Hver sem fjallar um bókmenntir frá sjónarhóli siðferðis hlýtur að hafa þetta tvennt að leiðarljósi; leggja verkin sjálf til grundvallar og láta ekki eigin hugmyndir blinda sig.

Þegar meta á Hómerskviður er þessi hættu vissulega fyrir hendi þar sem ýmsar athafnir söguhetjanna eru í hróplegri andstöðu við þær siðgæðishugmyndir sem eru hvað fyrirferðarmestar í okkar menningu: Kristnina með kærleiksboðskap sínum og miskunnsemi, almennar mannúðar- og jafnréttishugmyndir sem iðulega eru raktar til upplýsingastefnu 18. aldar svo og þann friðarboðskap sem á rót sína í hvoru tveggja og eðlilegan hljómgrunn á atómöld. Þessar andstæður koma skýrt fram hjá Hómer við þær aðstæður þar sem menn biðja sér griða en er synjað.

Í sjötta þætti *Ilionskviðu* reynir Adrestus að múta Menelási til að þyrma lífi sínu og hrærir hann þannig til meðaumkvunar. Adrestus er hins vegar svo ólánsamur að Agamemnon ber að í þeim svifum og hastar á Menelás bróður sinn:

Nei, engi þeirra skal undan komast bráðum bana eða sleppa úr vorum höndum. Ekki einu sinni ungbarnið í móðurkviði skal undan komast, heldur skulu allir jafnt drepnir verða, þeir er í Ilionsborg eru, liggja ógrafnir, og engi vita, hvað af þeim er orðið. (II:116)

Menelási snýst hugur við þessi orð, hrindir Adrestusi frá sér en Agamemnon konungur leggur hann spjóti í nárann.

Í tíunda þætti fara höfðingjarnir Odysseifur og Díómedes í frækna njósnafor og handtaka Dólón nokkurn Evmedesson. Þeir lofa honum óbeint lífgjöf ef hann veiti þeim upplýsingar um féлага sína og í trausti þess greinir Dólón satt og rétt frá öllu. Hann hefur ekki fyrr sleppt síðasta orðinu en Díómedes heggur af honum höfuðið að launum. Þeir Odysseifur kóróna síðan för sína með því að drepa þrettán sofandi Trójumenn og ræna hestum þeirra. Akkilles verður uppvis að álíka framkomu í tuttugusta sem og tuttugusta og fyrsta þætti þar sem hann synjar þeim Trós Alastorssyni og Lýkáoni Þríamssyni um lífgjöf.

Biðlavígsþátt í *Odysseifskviðu* má lesa sem ítarlega lýsingu á slátrun. Söguhetjan læsir biðlana vopnlausu inni í stórum sal og drepur þá síðan hvern af öðrum með boga sínum. Einn biðlanna, Leódes, biðst vægðar en Odysseifur hegur á þveran háls honum, „svo höfuðið féll niður á gólf, meðan Leódes var að tala.“ (Od.:355) Þegar búið er að taka alla biðlana af lífi eru hálshöggvar þær ambáttir sem lagt hafa lag sitt við þá.

Það er erfitt að setta sig við að persónur sem auðsýna slíka grimmd og ómennsku á okkar mælikvarða séu í einhverjum skilningi hetjur. Þess ber hins vegar að gæta að dæmin hér að ofan eru tekin úr öllu heildarsamhengi kviðanna en það er kórvilla í athugun sem þessari. Betur verður vikið að þessum dæmum hér á eftir en rétt er að vekja athygli á að jafnvel þótt litið sé á kviðurnar út frá einhverju heildarsamhengi verður túlkandinn alltaf skilyrtur af sínu eigin siðamati. Vilhjálmur Árnason lýsir því svo að það siðferði sem við búum við „liti“ alltaf skilning okkar og hafi jafnvel áhrif á hvaða heildarsamhengi við finnum.

Við greiningu á siðferðishugmyndum Íslendingasagnanna hefur mest borið á tveimur viðhorfum til þessa heildarsamhengis og þau leitt menn í tvær ólíkar stefnur. Er önnur stefnan nefnd *rómantík* í sagnskýringum en hin *húmanismi*. Í stórum dráttum leggur rómantíska viðhorfið áherslu á gildi Íslendingasagna fyrir heiðinn hugsunarhátt þar sem burðarásinn er sómatilfinning hetjunnar, orðstírinn skiptir hana meira máli en lífið sjálft. Húmaníska viðhorfið leggur hins vegar áherslu á gildi sagnanna sem kristilegra dæmisagna um ófarir þeirra sem sýna ofdirfsku og ofmetnað. Þeir sem aðhyllast rómantíska viðhorfið tala um siðferðishugmyndir sem þær hugmyndir er orð og athafnir hetju eru til marks um, það eru öðru fremur eiginleikar, lífsskoðanir og tilfinningar einstaklinga sem skipta máli. Málsvarar húmaníska viðhorfsins taka hins vegar fyrst og fremst mið af þeim tíma sem sögurnar eru skrifaðar á, hjá þeim felast siðferðis-hugmyndinar í siðferðilegum tilgangi höfundar.

Breytni hetjunnar

Séu Hómerskviður fyrst skoðaðar út frá rómantíska sjónarhorninu má í *Iliónskviðu* finna mörg dæmi um aðstæður þar sem

persóna þarf að hætta lífinu eða orstír sínum. Á slíkum stundum lýsir Hómer iðulega inn í hug hennar og lesandinn kemst að raun um að jafnvel hinar mestu hetjur velkjast í vafa frammi fyrir vali sínu. Fyrir vikið verða persónurnar mannlegri. Miklu skiptir að aðstæðurnar eru misjafnlega knýjandi og valið ekki einhlítt.

Iðulega er hetjan í aðstöðu sem hún hefur ekki kosið sér sjálf; í hita bardagans stendur hún skyndilega andspænis ofurefli, til dæmis eins og Odysseifur í ellefta þætti. Hann skelfist en segir við sjálfan sig:

„Eg vesall maður! Hvað mun um mig verða? Stór minnkun er það, ef ég flý af hræðslu fyrir mannfjöldanum; þó er hitt enn verra, ef eg verð handtekinn hér aleinn, því Kronusson hefir stökkt öðrum Danáum á flóttu. En hví velki eg þetta í huga mér? Eg veit þó, að það eru hinir huglausu, sem firrast bardagann; en sá sem vill vera öðrum mönnum ágætari í orustu, hann hlýtur að standa fast, hvort sem hann verður sár, eða hann særir annan“. (II.:216)

Odysseifur verst þar til honum berst liðsauki. En við áþekkar aðstæður þurfa jafnvel mestu hraustmenn að velja milli skynseminnar og sómans. Nokkru framar í kviðunni stendur Díómedes í svipuðum sporum og Odysseifur. Hann vill ekki flýja undan Hektor og mönnum hans og gefa þeim þar með færi á að væna sig um hugleysi. Hins vegar bendir allt til þess að það sé skynsamlegra að hopa en láta lífið. Díómedes er lengi á báðum áttum en að endingu hopar hann.

Aðstæður sem þessar verða enn meira knýjandi þegar menn eru að verja lík félaga sinna; þá er ekki bara um það að ræða að þeir bregðist sjálfum sér heldur hinum látna líka. Við slíkar aðstæður tekst þó ekki síður á skynsemi og sómatilfinning. Í sautjándra þætti afræður Menelás til dæmis að flýja frá líki Patróklusar þegar Hektor og félagar gera atlögu að honum. Það kemur líka á daginn að þetta er skynsamlegt val hjá Menelási, frekar en að falla sækir hann liðsauka og nær líkinu á ný.

Þegar menn á hinn bóginn bera sjálfir ábyrgð á aðstæðum sínum stendur valið ekki lengur milli skynseminnar og sómans. Í rauninni hafa menn fyrirgert vali sínu og eiga ekki annars úrkosti en

velja sómann fremur en lítilmennskuna. Framkoma Parísar í upphafi þriðja þáttar er ekki hetjuleg. Hann tekur sér stöðu í fylkingarbrjósti hers Trójumanna en þegar hann sér Menelás stefna á móti sér skelfist hjarta hans og hann hörfar aftur í flokkinn eins og rakki með skottið á milli fótanna. Þegar Hektor hæðir hann fyrir vikið, neyðist París engu að síður til að bjarga sóma sínum og hætta lífinu; hann býðst til að heyja einvígi við Menelás. Hann er neyddur til að gjalda fyrir óskynsamlega hegðun sína og sýna það sem á mælikvarða rómantíska viðhorfsins kallast hetjulund. Hann fær að vísu háðulega útreið í viðureigninni við Menelás og bjargast naumlega með guða hjálp en með nokkrum rétti má segja að eftir því sem á líði kviðuna læri hann að þekkja takmörk sín. Hann forðast eldlínuna en berst með boga.

Í sjöunda þætti skorar Hektor á einhvern Akkeanna til að berjast við sig. Agamemnon kemur í veg fyrir að Menelás taki áskoruninni og gangi út í opinn dauðann. Það væri óskynsamlegt af honum að etja kappi við sér meiri menn, hann verður að þekkja takmörk sín. Hins vegar eru hinir mestu menn í líði Akkeanna neyddir til að taka áskoruninni, sómi hersins er í veði og að endingu er það Ajant Telemonsson sem gengur á hólm við Hektor. Hektor hræðist andstæðing sinn „en nú mátti hann ekki undan hvika eða hörfa aftur í flokk manna sinna, er hann hafði öðrum til einvígis boðið." (II.:137-8) Hann verður að standa eða falla með orðum sínum og gjörðum. Í þetta skipti stendur hann en seinna fellur hann vegna óskynsamlegrar ráðstöfunar sinnar. Að hans undirlagi halda Trójumenn áfram að berjast gegn Akkeum utan borgarveggjanna þótt Akilles taki að nýju þátt í orustunni, en fyrir bragðið gjalda þeir mikið afhröð. Hektor þykist geta staðið uppi í hárinu á Akillesi en raunin verður önnur. Í tuttugasta og öðrum þætti er svo komið að hann veltir fyrir sér þremur möguleikum: Flýja undan Akillesi inn í borgina og vera lítilmenni, berjast og falla með sæmd eða sigra með heiðri, eða þá að reyna samningaleiðina. Hann hugsar málið nokkra stund en á í raun engra kosta vól. Rétt eins og París verður hann að gjalda fyrir óskynsamlega hegðun:

En hví velki eg þetta í huga mér? Nei, eg skal ekki fara og flýja á náðir hans; hann mun ekki kenna í brjósti um mig, og

ekkert við mig virða, heldur mun hann drepa mig, svo sem annan kvenmann, ef eg legg af mér vopnin og geng til hans verjulaus, svona eins og eg stend. Það tjáir ekki að hjala við Akilles ofan úr einhverju tré eða ofan af bjargi, svo sem meyar og sveinar hjala hvort við annað. Nei, það er best að láta skrifa til skarar; við skulum bráðum fá að vita, hvorum okkar Ólympsguð vill veita sigurinn." (II.:438-440)

Þrátt fyrir þessa ákvörðun flýr hann undan Akillesi, að vísu ekki inn í borgina, heldur hleypur hann í kringum hana. Þegar hann hefur fengið banasárið reynir hann líka samningaleiðina, biður Akilles að þyrma líki sínu, en án árangurs.

Að mínu mati sýna dæmin hér að framan hvernig hetjuskapurinn er ætíð á mörkum fildirfsku og bleyðuskapar en benda einnig til þess að hetjurnar séu við vissar aðstæður neyddar til að taka sómann fram yfir allt annað. Þær verða að axla ábyrgð á eigin mistökum og er það ójúft. Í tilviki Akillesar er þessu örlítið öðru vísi farið. Þegar sendisveit Agamemnons ber honum sáttarboð í níunda þætti segir hann:

Gyðjan, hin silfurfætta Þetis, móðir mín, segir, að tvennar Valkyrjur leiði mig til dauðans; ef eg verð hér kyrr eftir og berst hjá borg Trójumanna, þá á eg aldrei heimvon aftur, en þá mun eg öðlast ævarandi orðstír; en ef eg fer heim til minnar kæru föðurjarðar, missi eg hinn fræga orðstír, en ævi mín mun þá verða löng, og algjörlegur dauði ekki ná mér svo fljótt. (II.:177)

Akilles veit að hann verður að velja milli sómans og langlífis en munurinn felst í að hann ber ekki sjálfur ábyrgð á þessum aðstæðum. Hann reynir sitt ítrasta til að finna einhverja lausn og sú er ein að allur herinn sigli heim, allir séu sömu lítilmennin. Akilles fitjar líka upp á þeirri tillögu við sendimennina:

Nú vil eg ráða hinum öðrum til að sigla heim aftur, með því yður mun ekki hér eftir auðið verða að vinna hina hávu Ilionsborg, því hinn viðskyggni Seifur heldur hendi sinni yfir henni, og borgarlýðurinn er hughraustur. (II.:177)

Svo mælist sjálfri hetjunni en að sjálf sögðu verður henni ekki að þessari ósk. Það kemur hins vegar ekki til greina fyrir Akkilles að flýja af hólmi og missa orðstírinn. Hann neyðist til að ganga á móti örlögum sínum og gerir það ekki með hægð heldur þjósti. Hann er staðráðinn í því að deyja ekki fyrr en hann hefur gert „Trójumenn fullsadda á orustunni.“ (Il.:397) Það er líka ekki nóg með að hann sé bitur út í eigin örlög heldur harmar hann dauða vinar síns, Patróklusar, sem Hektor hefur drepit. Í rauninni er hann bitur út í þá staðreynd „að engi maður, þegar hann eitt sinn er fæddur, megir forðast skapadægur sitt, hvort sem hann er huglaus eða hraustmenni,“ eins og Hektor orðar það við eiginkonu sína. (Il.:129) Þessi biturð skýrir að einhverju leyti grimmdina sem minnst var á hér að framan. Þegar Lýkáon Príamson biður hann gríða svarar Akkilles:

Hví berst þú svo illa af? Deyja mátti Patróklus, og var hann þó miklu meiri maður, en þú. Sér þú ekki, hve fríður eg em sýnum og mikill á velli. Eg er af ágætum föður kominn, og móðir mín, sem ól mig, var gyðja. Þó er mér einnig dauðinn vís og hin máttuga skapanorn,... (Il.:418)

Eitt af því sem veldur erfiðleikum í rómantískri túlkun á Hómerskviðum er sá veruleiki sem þær lýsa. Ólíkt raunsæislegum veruleika Íslendingasagnanna getur allt gerst innan veruleika kviðanna; atburðarásin berst frá himnum til heljar, gyðjur, skrímsli, tröll og draugar leika stór hlutverk í *Odysseiskviðu* en í *Ilíonskviðu* lifna dauðir menn við, fljót reiðast og hross koma með gáfulegar athugasemdir. Í þessu sambandi skiptir þó mestu að goðmöggnin eru virkir þátttakendur hjá Hómer þannig að eiginleikar og framkoma manna er að drjúgum hluta komin undir duttlungum þeirra. „Sumum veitir guð hreysti í hernaði; öðrum leggur hinn víðskyggni Seifur í brjóst gott vit,“ segir Polydamant við Hektor eitt sinn (Il.:267) og þetta viðhorf endurspeglar í orðum þess síðarnefnda sem áður var vitnað til: „við skulum bráðum fá að vita, hvorum okkar Ólympsguð vill veita sigurinn.“ (Il.:440) Á vígvellinum blása guðirnir mönnum hugrekki í brjóst eða skjóta þeim skelk í bringu. Mennirnir firra sig líka ábyrgð þegar þeim

verður á. En fyrst þeir eru leiksoppar í tafla guðanna verður það vafamál hvort hægt sé að tala um þá sem hetjur eða hugleysingja. Það má líta á þá sem verkfæri í höndum skýsafnarans Seifs sem á stundum virðist bera hag þeirra fyrir brjósti en verður á öðrum stundum uppvis að grimmilegri kaldhæðni.

Í *Ilíonskviðu*, þegar Akkilles er að eltast við Hektor og búa sig undir að drepa hann, spyr Seifur guðina hvort þeir eigi nú að bjarga Hektor eður ei, og þegar Aþena tekur illa í það segist Seifur bara hafa verið að grínast. Í upphafi tuttugasta þáttar segir hann einnig:

Þú veizt, Landaskelfir, fyrirætlan þá, er mér er í huga um þá menn, vegna hverra eg hefi kallað yður saman. Mér er annt um þá, er þeir nú eru mjög svo á heljarpremi. Nú mun eg sjálfur sitja hér kyrr á hrygg Ólympos, og horfa héðan að gamni mínu; en farið þér, hinir guðirnir, þar til þér komið til Trójumanna og Akkea, og veitið hvorumtveggjum lið, eftir því sem hverjum yðar stendur hugur til. (Il.:399-400)

Í báðum tilvikum óttast Seifur hins vegar forlögin sem jafnvel hann hefur lítið sem ekkert vald yfir.

Til að skýra þennan veruleika kviðanna betur langar mig að skipta honum gróflega í fimm svið. Á neðsta sviðinu er sú gerð persóna er Aristóteles talaði um í riti sínu *Um skáldskaparlistina* sem efnivið skopleikja, það er að segja „minni menn.“ (Ari.:48) Dólón í *Ilíonskviðu* er dæmi um slíka menn, en best eru þeir sýndir með Þersítesi í öðrum þætti. Seifur hefur hvorki gefið honum vit né gjörvuleika, hann talar heimskulega, án siðsemi og jafnkítir höfðingjunum. Odysseifur tugtar Þersítes til og gerir hann hlægilegan. Sjálfur er Odysseifur ásamt flestum aðalpersónum Hómers það sem Aristóteles kallar „meiri menn“, harmleikja-persónur. Yfir þær eru guðirnir hafnir en yfir guðunum ríkir Seifur. Efst í þessum valdapyramída trúna hins vegar forlaganornirnar. Eins og hinum minni mönnum ber að heiðra höfðingjana þá ber þeim að heiðra guðina. Guðirnir verða að hlýða Seifi og Seifur forlögnum. Hvert svið reynir þó að streytast á móti; Þersítes stendur uppí hárinu á höfðingjunum, Díómedes særir guði í orustunni, Hera og Poseidon óhlýðnast Seifi og veita Akkeum lið en Seifur

gælir við að bjarga Hektori frá forlögnum. Allir verða að þekkja takmörk sín og lúta því sem er þeim máttugra. Annars fátítt æðruleysi Heru í áttunda þætti er til fyrirmyndar þegar hún segir: „Drepist þeir, sem drepast eiga, og lifi þeir, sem þess verður auðið.“ (Il.:159) Stúlkan í íslensku þjóðsögunni hefði bætt við: „Mér og mínum að meinalausu.“

Boðskapur kviðanna

Það ætti að vera orðið nokkuð ljóst af umfjölluninni um rómantíska viðhorfið að það tengist á margan hátt húmaníska viðhorfinu þar sem spurt er um siðferðilegan tilgang höfundar. Persónur verks eru jafnan verkfæri í höndum höfundarins þannig að allt sem sagt er um persónurnar má að einhverju leyti rekja til þess hugar sem liggur að baki verkinu. Það veldur hins vegar ákveðnum erfiðleikum í sambandi við Hómerskviðu að margir fræðimenn telja þær samsteypuverk, jafnvel verk margra skálda sem auk þess hefðu mótast á vörum þeirra söngmanna sem varðveittu þær um aldir. Þar með gæti öll umræða um boðskap höfundar verið gíska marklaus.

Þrjóskest menn engu síður við, og það geta þeir gert með því að fjalla um boðskap Hómerskviða fremur en skáldsins Hómers, þá kemur fljótt í ljós að þær bjóða heim ólíkum og jafnvel andstæðum túlkunum. Þegar hefur reyndar verið ýjað að einum túlkunarmöguleika, þeim að kviðurnar boði mönnum að þekkja takmörk sín. Á hofi véfréttarinnar í Delfí stóðu þessu frægu orð: „Þekktu sjálfan þig,“ og þótti sú dyggð miklu verð í grískri menningu. Enda þótt hæfileikar og dugur manna séu guðs gjafir þá er undir þeim sjálfum komið að nota þær skynsamlega en ofmetnast ekki. Yfirleitt er lögð áhersla á tvö forngrísk hugtök í þessu sambandi; *hybris*, það er hroki og ofstopi, og *sofrosyne*, það er stilling og veglyndi. Í *Ilíonskviðu* gerast menn oft sekir um hið fyrrnefnda; hún fjallar að meginefni um „hina fársfullu heiftarreiði Akkils Peleíssonar, þá er olli Akkeum ótölulegra manna“. (Il.:1) Agamemnon gerir sig sekan um *hybris* í garð Akkillesar þegar hann sviptir hann sæmdargjöfinni en Akkilles verður sekur um *hybris* þegar hann tekur ekki sáttaboði Agamemnons. Þegar hefur að nokkru verið rakið hvernig vanþekking manna á takmörkunum

sínum hefur leitt þá til glötunar og því er meðal annars við að bæta að biðlarnir í *Odysseiskviðu* gera sig seka um ofstopa og farast.

Í fullu samræmi við þetta viðhorf er mönnum innrætt virðing fyrir guðunum; stærsti glæpurinn felst í því að sýna guðunum ofstopa. Persónur Hómers eru líka sérstaklega guðræknar, þær depla varla auga án þess að færa þeim dreypifórn. Það virðist því skjóta skökku við að þegar bregður fyrir gamansemi í kviðum Hómers er það ekki fyrst og fremst á kostnað „minni manna“ eins og Aristóteles mælti með heldur á kostnað sjálfra guðanna. Hera og Seifur kíta eins og úrill miðaldra hjón en uppkomin börnin rífast eins og smákrakkar með hor og klega svo í pabba þegar eitthvað bjátar á. Þessi skopfærsla sem og það að ábyrgð í mannheimum skuli hvíla á guðunum gefur visst tilefni til að túlka kviðurnar sem ádeilu á guðina. Því má ekki gleyma að þegar meginefni *Ilíonskviðu* er rakið í upphafi hennar segir skáldið: „Svo varð fyrirætlan Seifs framgengt.“ (Il.:1) Í *Ilíonskviðu* er hlutskipti manna slæmt og það er guðunum að kenna. Erkifjendur eins og Akkilles og Príamus geta sæst um stundarsakir því þeir búa við þetta sammannlega hlutskipti sem Akkilles talar um: „Því guðirnir hafa skapað vesölum mönnum það hlutfall, að þeir skyldu lifa við harma, en sjálfir eru guðirnir sorgarlausir.“ (Il.:499) Seifur segir sjálfur: „ekkert er aumara, en maðurinn, af öllu því, sem á jörðu andar og um jörð skríður.“ (Il.:352) Þarna, rétt eins og í kristinni menningu, rekst hugmyndin um guðlegt réttlæti á við skipan mála í heiminum.

Þessi mótsögn milli innrætingar og ádeilu þarf ekki að koma á óvart ef tekið er tillit til þess hvernig kviðurnar mótuðust. Að mínu viti er frekar reynt að mæla guðunum bót en að fella yfir þeim einhvern Stóradóm. Slíkur dómur bæri vott um *hybris*. Einstakir guðir eru að vissu leyti firrtir ábyrgð, þeir eiga í höggi hver við annan og lúta þar að auki örlögnum. „Engi skyldi drepa hendi við þeim veglegu gjöfum, er guðirnir veita manni, því þær tekur engi af sjálfum sér,“ segir París við bróður sinn (Il.:55). Menn verða einfaldlega að sætta sig við hinar.

Þessi sama mótsögn kemur fram með öðrum hætti þegar boðskapur kviðanna er skoðaður í tengslum við viðhorf til stríðs

og hernaðar. Hægast er að túlka þær sem lofgjörð um hreysti og þolgæði, hugrekki og styrk í stríði. Á hinn bóginn má túlka þær sem ádeilu á stríð, mannvíg og grimmd. Bardagalýsingar Hómers eru oft á tíðum það óhugnalega raunsæjar að ef þær hefðu verið skrifaðar af Íslendingi á síðustu áratugum léki lítill vafi á hvert markmið rithöfundarins hefði verið. *Heljarslóðarorusta* sem Benedikt Gröndal skrifaði um miðja síðustu öld hefur löngum verið túlkuð sem stríðsádeila vegna lýsinga af svipuðu tæi, sem eru þó sýnu ýktari. Það hefur litlu breytt þótt höfundurinn hafi sjálfur sagt verkið einasta verið „skemtilega uppáfinningu gjörða á þann hátt sem riddarasögur vorar eru..." (B.G.:244). Vissulega er hætt við að túlkun á friðarboðskap Hómerskviða beri merki þeirrar kórwillu sem tíunduð var hér að framan; siðferðiskennnd túlkandans ráði, en engu að síður má finna í textanum rök henni til stuðnings.

Í *Ilionskviðu* er sérstaklega athyglisverð setning sem er tviendurtekin. Í fyrsta þætti segir Agamemnon við Akkilles: „Þú ert mér leiðastur allra konunga, fóstursona Seifs, því þér eru jafnan kærar deilur, orustur og bardagar." (Il.:8) Í lok fimmta þáttar ávarpar Seifur Ares með svo til sömu orðum: "Þú ert mér leiðastur allra guða, þeirra er á Ólympi búa; því þér eru jafnan kærar deilur, orustur og bardagar". (Il.:113) Þarna er um kaldhæðnislega mótsögn að ræða þar sem breytni þeirra Agamemnons og Seifs er í litlu samræmi við þessi orð. Í *Odysseifskviðu* má einnig finna dæmi þessum lík. Einu sinni sem oftast þegar Odysseifur fer huldu höfði lýgur hann til um fortíð sína:

Eg hafði jafnan gaman af árbúnum skipum og orustum, velsköfnum spótum og örvum; þetta, *sem er hræðilegt í sér*, og öðrum stendur ógn og ofboð af, var mín skemmtan; og hefir guð víst gert mig svo lyndan, því ýmsum láta ýmsar iðnir. (Od.:221; skáletrun undirritaðs)

Stuttu áður segir hann: "Þeim sælu guðum líka ekki ofríkisfull verk, en réttvísi og sanngirni virða þeir mikils." (Od.:217) Fullyrðingar sem þessar stinga í stúf við þann heildarveruleika sem kviðurnar lýsa, sérstaklega *Ilionskviða*. Athyglisverð eru orð Penelópu þegar hún ræðir við Odysseif dulbúinn:

Hverr sá sem tjáir sig harðhjartaðan og er grimmur í skapi, honum biður hverr maður böls, svo lengi sem hann lifir, en þegar hann er látinn, spotta hann allir. En sá sem er góður maður og tjáir sig sem góðan mann, hans lofstír víðfrægja ókunnir menn um öll lönd, og margir menn tala vel um hann. (Od.:307)

Þetta er strangur dómur yfir fjölmörgum hetjum *Ilionskviðu*, þar á meðal þeim Odysseifi og Díómedesi í skiptum þeirra við Dólón og 13 sofandi Trójumenn.

Í þessu sambandi er fróðlegt að minnst þess þegar Odysseifur hittir afturgöngu Agamemnons í Draugablótsþætti, en Agamemnon hafði verið myrtur af eiginkonu sinni. Hann segir: „En ekki munu þér banaráð standa af konu þinni, Odysseifur; hin vitra Penelópa Íkaríusdóttir er skynsamari og góðráðari en svo." (Od.:177) Þarna virðist liggja að baki hugmynd um manninn sem skynsemisveru, áþekk kenningu þeirra Sókratesar og Platóns um að ranglæti og grimmd stafi af skynsemi- eða þekkingarskort. Þeir töldu skynsemina vera þann eiginleika sem greindi manninn frá dýrinu og í samræmi við það gæti ákafur túlkandi lagt nýjan skilning í þær fjölmörgu líkingar í *Ilionskviðu* þegar hetjunum í brjálæði bardagans er líkt við villidýr, oftast ljón. Því er ekki að neita að í báðum kviðum Hómers tekst hroki og ofbeldi í sameiningu á við höfstillingu og skynsemi og þeim lýkur báðum með sigri síðarnefnda parsins. Sá sigur er að vísu aðeins tímabundinn í *Ilionskviðu*, þeir Akkilles og Príamus láta skynsemina ráða yfir heiftinni í 12 daga, en í lok *Odysseifskviðu* er það Seifur sjálfur sem bindur enda á blóðsúthellingarnar og gefur fyrirheit um fáheyrðan frið:

Með því hinn ágæti Odysseifur hefir hefnt sín á biðlunum, þá skulu menn veita hvorir öðrum tryggðir, og skal hann vera konungur ávallt; en vér munum koma því til vegar, að gleymast mun sonadrápið og bræðradrápið, skulu menn verða eins góðir vinir, og áður, en velsæld og fullkominn friður aftur á koma. (Od.:389)

Þróun siðferðis

Hér að framan hefur verið litið á siðferðishugmyndir *Hómerskviða* út frá þeim tveimur sjónarhornum sem Vilhjálmur Árnason nefnir í grein sinni sem þau algengustu þegar Íslendingasögurnar eru annars vegar. Komið hefur á daginn að þessi sjónarhorn bjóða heim gerólikum túlkunum; annars vegar þeirri að kviðurnar lýsi hetjulegu vali þar sem sómatilfinningin ræður en hins vegar þeirri túlkun að kviðurnar boði mönnum að vera guðræknir, sýna hófstillingu og elska friðinn öðru fremur. Í báðum tilvikum eru þó fleiri niðurstöður líklegar enda rétt að vekja athygli á því að hér hafa ekki verið lögð til grundvallar fyrirfram ákveðin hugmyndakerfi, ólíkt því þegar menn þykjast greina heiðnar eða kristnar heimsskoðanir að baki Íslendingasögnum. Ein meginandmæli Vilhjálms við þessum tveimur túlkunarleiðum beinast einmitt gegn því að nota slíkar heimsskoðanir til þess að greina siðferði sagnanna; hann telur að hvorug þeirra taki á raunverulegu viðfangsefni rannsókna sem þessara en það sé að komast að niðurstöðum um mannlegt siðferði almennt og yfirleitt. Hér á eftir mun ég leita eftir slíkum niðurstöðum á þeim grunni sem Vilhjálmur byggir en jafnframt styðjast við ýmislegt það sem þegar hefur komið fram.

Í grein sinni segir Vilhjálmur meðal annars: „Það er einkenni sígildra bókmenntaverka, eins og Íslendingasögur eru, að þau höfðu til mannlegs hlutskiptis og reynslu á öllum tímum og eru því óþrjótandi uppspretta hvefarr kynslóðar til þess að öðlast betri skilning á sjálfri sér og aðstæðum sínum.“ (V.Á.:28) Hann leggur áherslu á að greina það siðferði sem sögurnar lýsa í ljósi þeirrar samfélagsgerðar sem er vettvangur hugmynda þeirra og athafna. Hann gagnrýnir rómantíska viðhorfið á þeirri forsendu að það slíti einstaklinginn úr samhengi við þann siðferðilega veruleika, það samfélag, sem siðleg breytni hans þiggi merkingu sína af. Lög, venjur og hefðir hafa ætíð mótast löngu áður en einstaklingurinn vex úr grasi en þessir hlutir eru sá rammi sem setur breytni hans skorður. Í umfjölluninni um rómantíska viðhorfið hér að framan kom berlega í ljós að hið hetjulega val er hetjunum einhvers konar nauðung. Meira að segja galgopi eins og París neyðist til að hætta lífinu fyrir sæmdina. Það er því forvitnilegt

að velta fyrir sér hvað stjórni þessu vali. Svarið er ekki óljós sómatilfinning nokkura einstaklinga heldur þær sérstöku aðstæður og gildi sem ríkja í samfélagi þessara einstaklinga, jafnvel gildi sem þetta samfélag byggir tilveru sína á.

Í grein sinni getur Vilhjálmur enska heimspekingsins Thomas Hobbes (1588-1679) og rits hans *Leviathan* til að minna á „að siðferðishugmyndir eiga sér langa og flókna sögu sem er órofa tengd félagslegum og menningarlegum þáttum.“ (V.Á.:31) Í *Leviathan* lýsir Hobbes mönnum í „náttúrulegu ástandi“, það er mannlífi án aðhalds siðmenningar og valdhafa. Í slíku ástandi keppist hver og einn við að uppfylla eigin þarfir og bjarga sér sem best án tillits til annarra. Vegna gegndarlausrar samkeppni manna á millum við þessar aðstæður lifa þeir hins vegar í stöðugum ótta, líf þeirra er andstyggilegt, grimmt og stutt. Þá fæðist skynsemin. Mennirnir sjá að þeir muni bjarga sér betur með því að semja frið og því gera þeir sáttmála sem er áþekkur gullnu reglu *Biblíunnar* nema með öfugum formerkjum: Allt sem þú vilt **ekki** að aðrir geri þér, það skaltu **ekki** gera þeim. Þeir afsala sér valdi sínu til sameiginlegs valdhafa á þeirri forsendu að allir aðrir geri það líka. Siðferðið myndast því upphaflega sem hagkvæmnisregla eða viðskiptasamningur.

Væntanlega má gagnrýna margt í kenningu Hobbes en hún er athyglisverð í sambandi við *Hómerskviður* þar sem samskipti guða og manna eru oft á tíðum ekki annað en viðskipti. Seifur snýst gegn Akkeum fyrir þrábeiðni Þetisar í upphafi *Iliónskviðu* því hún á inni hjá honum greiða, hún bjargaði honum eitt sinn úr fjöturum hinna Ólympsgoðanna. Það sama er að segja þegar Þetis fær Hefestus til að smíða hertygin í Vopnasmíðarætti *Iliónskviðu*, hún á annað eins inni síðan hún og Evrýnoma björguðu lífi hans eitt sinn. Við fórnir höfðu mennirnir iðulega til guðanna með sama hætti, til dæmis ávarpar Krýes hofgoði Appollon í fyrsta þætti með þessum orðum:

Hafi eg nokkuru sinni reist þér fagurlegt hof, eða hafi eg nokkuru sinni brennt feita lærbita til fórnar þér, þá veit mér þá ósk mína, að Danáar gjaldi tára minna fyrir skeytum þínum. (II.:3)

Samskipti manna má í mörgum tilvikum setja undir sama hatt; höfðingjarnir eggja félagu sína í orustu með þeim orðum að nóg hafi þeir raupað meðan þeir átu og drukku af borðum þeirra. Hektor hvetur meira að segja hesta sína eins: „Launið mér nú fódrið og hina góðu aðhjúkrun, er Andrómakka /.../ hefur veitt ykkur“. (Il.:152) Í þessum tilvikum felst skyldan í ógoldinni skuld.

Annað og mikilvægara stig skyldu er ættarskyldan. Ættin er sjálfsprottin eining og því eðlilegt að hún standi saman gagnvart umhverfinu. Ættarsamfélagið byggir á samtryggingu þar sem hlutskipti manna er að rækja skyldur við skyldfólkið. Til þess geta menn þurft hugrekki og því er hugrekkið höfuðdyggð. Ættbálkarnir mynda síðan stærri einingar. Hobbes lýsir því þannig að allt vald einstaklinganna er eftirlátið einum valdhafa gegn því að hann tryggi þeim innbyrðis frið. Samtök hinna stríðandi fylkinga í *Ilíonskviðu* byggjast á þessum samslungnu þáttum; skuldbindingum vegna ættartengsla og sameiginlegra hagsmuna. Her Grikkjanna verður þannig til að Menelás, maður hinnar brottnumdu Helenu höfðar til Agamemnonns vegna bræðratengsla en þeir fá hina höfðingjana í lið með sér annað hvort vegna ættartengsla eða samtryggingar. Sömu tengsl eru milli höfðingjanna og þegna þeirra. Ættbálkarnir eru hinar traustu undirstöður þessara samtaka eins og kemur ágætlega fram hjá Nestor í öðrum þætti þegar hann hefur uppástungu um hvernig skipa skuli liðinu:

Skipt liðinu, Agamemnon, í ættkvíslir og frændbálka, svo hverr frændbálkur hjálpi öðrum, og hver ættkvísl annarri. Ef þú gerir svo, og ef Akkear hlýða þér, þá muntu komast að raun um, hverr fyrirliðanna, og svo hverr liðsmanna, sé huglaus, og hverr hugdjarfur, því þá berjast hvorir sér. (Il.:36)

Víðar koma fram þau tók sem ættarskyldan eða ættarsóminn hafa á mönnum, þeir líta fremur á sig sem hluta af ættmeiði en sjálfráða einstaklinga. „Mér er það ekki ættgengt, að ganga í bardaga, og flýja svo eða æðrast,“ segir Díoómedes til dæmis. (Il.:94) Algengt er að óvinir á vígvellinum skiptist á upplýsingum um ætterni sitt áður en þeir takast á og þeir hælást þá yfir afrekum áa sinna. Þarna hefur myndast siðferði sem er óháð einstökum

aðstæðum en samtök manna af ólíkum ættum byggir ennþá allt sitt á gagnkvæmu trausti og orðheldni.

Gildi þess siðarnefnda er ítrekað æ ofan í æ. Þegar Agamemnon býður hernum að hverfa heim í öðrum þætti og herinn tekur hann á orðinu þá segir Odysseifur:

Atreiffsson! víst ætla Akkear sér nú að fá þér, konungur, hinnar mestu smánar meðal allra mæltra manna, er þeir efna eigi við þig það loforð, er þeir gerðu, þá er þeir voru á leið hingað /.../ að þú skyldir ekki fyrr frá hverfa, en þú hefðir í eyði lagt hina veggsterku Ilíonsborg; (Il.:34)

Í upphafi níunda þáttar er hins vegar svo komið að Agamemnon vill sjálfur slíta þennan sáttmála og flýja heim en Díoómedes kemur fyrir hann vitinu. Þar kemur fram hjá Díoómedesi trúartraust sem byggir á gildi áreiðanleikans, hann vill berjast „því guð vísaði okkur leið hingað.“ (Il.:166) Orðheldni og áreiðanleiki eru engu að síður aðstæðubundin. Drengskapurinn í *Ilíonskviðu* felst ekki í óháðum og fyrirfram gefnum siðferðishugmyndum heldur í því að vera trúr sér og sínum. Hetjurnar eiga það til að ljúga og svíkja óvini sína, þó að í vissum tilvikum ríki traust milli óvina, til dæmis í vopnahlénu snemma í *Ilíonskviðu* og eins milli þeirra Akkillesar og Príamúsar.

Þess ber að minnast að dyggðir markast af þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru. Í *Ilíonskviðu* eiga menn í stríði þannig að hugrekki og hyggindi eru þeir eiginleikar sem að mestu haldi koma. Það er lífsnauðsyn að berjast, eða eins og Ajant segir eitt sinn þegar hann hvetur félagu sína:

Engin víggirt borg er í nánd, þar er vér gætum varið oss og haft styrk af borgarlýðnum. Nei, vér sitjum í landi hinna harðbrynjuðu Trójumanna, liggjum hér við hafið, fjarri föðurlandi voru. Sú er því eina hjálpin, að neyta handa, og hlífa sér ekki í orustunni. (Il.:310)

Af framasögðu ætti að vera ljóst að hetjuskapurinn sprettur upp af aðstæðubundinni nauðsyn og lífsnauðsyn. Mennirnir standa saman til að tryggja hag sinn betur en á móti gangast þeir undir sameiginlegar skyldur. Sú hvöt sem að baki liggur er ódrepani

líflöngun, viljinn til lífs. Það er hins vegar kaldhæðnisleg staðreynd að þessar skyldur geta síðan neytt menn til að gera ýmislegt sem er andstætt þeirra einkahagsmunum, jafnvel leitt þá út í opinn dauðann. En hér hangir fleira á spýttunni. Undir ákveðnum kringumstæðum kemur viljinn til lífs fram í því að menn velja dauðann.

Það er að athyglisvert í þessu sambandi að það sem kallað er sómatilfinning í rómantískri túlkun á Íslendingasögunum er stundum nefnt blygðunarsemi hjá Hómer. Tvívegis í *Ilíonskviðu* er eftirfarandi hvatningarræða höfð yfir, í fyrri skiptið af Agamemnoni en hið síðara af Hektor:

Verið (hraustir) karlmenn, góðir hálsar (kvað hann), og gætið sóma yðar. Blygðist hverr/hvor fyrir öðrum í hinum hörðu orustum; því af blygðunarsömum mönnum verða þeir fleiri, er lífs/heilir af komast, en hinir, er falla; en eftir flýjandi menn liggur hvorki nokkur(r) orðstír, né heldur stendur af þeim nokkur vörn. (Il.:102 og 305)

Víðar í kviðunum er áberandi hve mönnum er umhugað um álit annara og hvergi verður þessi staðreynd berari en þegar þeir Hektor og Ajant semja um hlé á einvígi sínu. Hektori mælist svo:

En heyr nú, látum okkur gefa hvorr öðrum sémilegar gjafir, svo Akkear og Trójumenn taki svo til orða: „Þeir gerðu báðir hvorttveggja, að þeir börðust af sárbeittri kappgirni, enda sættust þeir aftur og skildust vinir.“ (Il.:140)

Þessar vangaveltur tengjast rómantíska viðhorfinu en í umfjöllun um það var látið hjá líða að spyrja hví orðstírinn er mönnum svo mikilvægur. Svárið er auðfundið en er þó ekki svo einfalt að sómatilfinningin sé einasta hræðsla um álit annara, eftirsókn eftir vindi.

Rætt var um hve Akkilles á erfitt með að setta sig við hið mannlega hlutskipti, dauðann. Það er vegna elsku hans til lífsins. Þegar honum berst sáttaboðið frá Agamemnoni í níunda þætti segir hann til dæmis að lífið sé meira vert en allir fjársjóðir

Ilíonsborgar, því „önd mannsins næst ekki aftur, né fæst, þegar hún eitt sinn er liðin fram af vörunum.“ (Il.:177) Hann þráir eilíft líf og er ekki einn á báti í því efni.

Eg vildi óska, að eg væri eins viss um að vera ódauðlegur og ellivana alla daga, og vera eins virtur og Aþena og Appollon eru virt, eins og eg er viss um það nú, að þessi dagur verður Argverjum óhamingjudagur.

Svo mælir Hektor í áttunda þætti (Il.:163) og flestar persónur Hómers bera svipaða ósk í brjósti. Þær hræðast dauðann, sérstaklega lítilmannlegan dauða. Í *Odysseiskviðu* óskar Odysseifur þess að hann hefði frekar dáið í bardögunum um Tróju en að tynast í hafi, og í *Ilíonskviðu* skelfist Akkilles sannarlega þegar Skamanderfljót er um það bil að drekkja honum.

Stundum hefur verið sagt að maðurinn skapi guðina í þeirri mynd sem hann sjálfur vilji vera og það kemur vel heim og saman við þá ódauðlegu guði sem hetjurnar í *Hómerskviðunum* trú á. Raunin er auðvitað sú að þær setta sig ekki við hið sammannlega hlutskipti, dauðann, heldur reyna þær að rísa upp yfir það með því að lifa eilíflega á vörum kynslóðanna. Eftir að Akkilles er búinn að særa Hektor til ólífis segir sá síðarnefndi:

Mundi eg nú vilja, að eg félli ekki frægðarlaust, og án þess að gera nokkra vörn af mér, heldur mundi eg vilja vinna eitthvað stórt, sem orðið gæti til afsþurnar hjá eftirkomandi mönnum.“ (Il.:445)

Það er markvert í þessu sambandi að í biðlavígsþætti drepur Odysseifur Leódes þegar hann biður sér griða en hann þyrmir hins vegar söngmanninum Femíusi Terpíussyni. Söngmenn voru nefnilega, rétt eins og íslensku skáldin við hirð Noregskonunga, líklegastir til að halda minningu höfðingjanna á lofti. Ég leyfi mér í mesta ábyrgðarleysi að fullyrða að enginn annar en Femíus hafi fyrstur samið kviðu um hrakningar og hetjudáðir Odysseifs. En það er önnur saga.

Ætla má að mikilvægi þess að lík fái rétta greftrun sé af svipuðum rötum runnið og hin persónulega frægðarþrá; munurinn

felst í því að menn eru að standa vörð um heiður og orðspor þess látna. Þegar Akilles dregur lík Hektors á eftir vagni sínum um vígvöllinn er hann fyrst og fremst að reyna að ófrægja minningu hans, binda fullan endi á líf Hektors Þríamssonar.

Rétt er að minnast þess að hjá Hómer kemur fram hugmyndin um Hel, líf sálar eftir líkamsdauðann, en af lýsingunum í *Odysseiskviðu* að dæma er það líf ófýsilegt. Glæsilegt framhaldslíf felst fyrst og fremst í orðsporinu. Það er þó ekki þar með sagt að hver og einn eigi það við sjálfan sig hvernig hann hagi lífinu. Menn hafa skyldum að gegna við minningu forfeðranna. Þarna eykst þungi ættarskyldunnar, forfeðurnir búa bæði líkamlega og andlega í niðjunum. Framhaldslíf þeirra er að einhverju marki komið undir því hvern orðstír afkomendurnir öðlast og öfugt.

Niðurlag

Niðurstæða Vilhjálms um Íslendingasögurnar er á þá leið að í þeim veruleika sem þær lýsa sé siðferðið ekki ennþá afmarkað fyrirbæri heldur séu siðferðisspurningar samofnar félagslegum tengslum og einstökum aðstæðum. Mér hefur virst að það sé nokkur munur á Hómerskviðum í þessu sambandi en þær gefi góða innsýn inn í hvernig slíkt siðferði mótast og fær smátt og smátt staðfestingu í venjum og lögum samfélagsins.

Í *Ilionskviðu* ber lítið á sjálfstæðu siðferði; samskipti byggja á gagnkvæmum viðskiptum, hetjuskapur er skilyrtur af aðstæðum en sprettur af þrá manna eftir eilífu lífi og sterkri ættarskyld. Það „kaup-kaups“-siðferði sem er áberandi í *Ilionskviðu* hefur hins vegar öðlast hærrí sess í *Odysseiskviðu* og kemur það einna skýrast fram í þeirri áherslu sem hvílir á gestrisninni. Út alla kviðuna eru þeir Odysseifur og Telemakkus gestvinir hinna ýmsu manna og kvenna og fram koma skýrar reglur um það hverjar séu skyldur gestgjafans jafnt sem gestsins. Í einni lygasögunni sem Odysseifur segir dulbúinn býður konungurinn í Egyptalandi honum til sín þrátt fyrir að hann og menn hans hafi áður farið um akra Egypta rænandi og myrðandi. Ástæðan er sú, segir Odysseifur, að konungurinn...

...öttaðist reiði Seifs, sem er verndargoð gesta og hefnir strengilega illverkanna. Síðan var eg þar í sjö ár, og græddi mikið fé hjá Egypzkum mönnum, því allir greiddu fyrir mér. (Od.:223)

Biðlavígin eru makleg málagjöld vegna þess að biðlarnir vanvirða gestrisnina.

Á köflum virðast samskipti manna svo rísa upp fyrir þetta svið viðskiptanna. Í *Odysseiskviðu* er til dæmis lögð áhersla á skyldur þeirra vel settu við fátæklinga og þurfamenn. Menn eru einungis hræddir með hefnd Seifs ef þeir rækja ekki þessa skyldu. Siðferðið er smátt og smátt að öðlast sjálfstæða tilveru og réttlætishugtakið í mótun. Í vopnasmíðapætti *Ilionskviðu* sést glytta í hugmyndir um lög og rétt þar sem segir frá tveimur mönnum sem deila en skjóta málum sínum til lögviturra manna. Í *Odysseiskviðu* ber mun meira á umræðu um réttlæti í sjálfu sér. Þar er þessi umræða tengd trúarhugmyndum og er á köflum mótsagnakennd eins og sýnt var fram á í kaflanum um ætlun höfundar. Annars sýnist mér helsta mótsögnin vera milli kviðanna tveggja og að hún felist í því að í *Odysseiskviðu* hafi siðferðisveruleikinn öðlast meira sjálfstæði en í *Ilionskviðu*. Rennir þetta stóðum undir þá skoðun að *Odysseiskviða* sé yngra verk en því má heldur ekki gleyma hve bakgrunnur kviðanna er ólíkur. Í *Ilionskviðu* eru Grikkirnir í stríði fjarri ættjörð sinni þar sem aðstæðurnar krefjast hugrekki og hreysti en *Odysseiskviða* lýsir fjölskyldusamfélagi þar það er allra hagur að friður og vinsemd ríki. Enn eitt dæmi um hið sjálfstæða siðferði í *Odysseiskviðu* má finna í átjándu þætti hennar þar sem Odysseifur segir frá raunum sínum og kann á þeim víska skýringu:

Sú var og tíðin, að eg gat verið lánsmaður, en eg framdi margt ofríki, þar eg treysti á mátt minn og megin, og reiddi mig á föður minn og bræður mína. Því skyldi enginn maður nokkru sinni vera óréttvís, heldur njóta með spekt þeirra gjafa, sem guðirnir veita honum. (Od.:287)

Þarna byggist trúin ekki lengur á hræðslugæðum einum heldur hugmyndinni um eitthvað sem sé rétt og gott í sjálfu sér. Lögð er rík áhersla á gildi samfélags manna og laganna sem undir-

stöðu þess; Kýklópunum er til dæmis lýst svo sem hinum hreinu villimönnum:

Hvorki hafa þeir ráðstefnur, né lög, heldur búa þeir í víðum hellum á tindum hárra fjalla, og ræður hverr þeirra yfir börnum sínum og konum, en skipta sér ei mjög hvorir um aðra. (Od.:132)

Ekki er gott að segja hvort hér sé verið að lýsa raunverulegri þróun sem átti sér stað áður en *Odysseiskviða* var rituð; þróun frá herskap til samfélags, hraustleika til höfsemdar, eða hvort siðgæðishugmyndir höfundar eða höfunda blandist þarna inn í. Líklega kemur hvort tveggja til; jafnframt því að byggja á fortíð og samtíð lögðu *Hómerskviður* grunn að þeirri grísku menningu sem blómstraði á næstu öldum. Mikilvægi þeirra í mótun grísku siðferðisveruleika verður seint metið. Og jafnvel þótt einstakar niðurstöður um siðferðishugmyndir þeirra séu gagnrýni verðar ætti engu að síður að vera ljóst að sigling þeirra um úthaf tímans hefur ekki verið tilgangslaus. Þær eru ennþá þess umkomnar að fá fólk til að velta vöngum yfir siðferði og siðgæðishugmynd en slíkar vangaveltur eru forsenda þess að það móti sér skoðanir á góðu og illu; forsenda uppvaxtar okkar frá barni til manns.

Heimildir

- Ari.: Aristóteles. *Um skáldskaparlistina*. (Íslensk þýðing eftir Kristján Árnason), Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1976.
- B.G.: Benedikt Gröndal. *Dægradvöl*. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík 1923.
- Il. : Hómer. *Iliónskviða*. (Íslensk þýðing eftir Sveinbjörn Egilsson), Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1973.
- Od. : Hómer. *Odysseiskviða*. (Íslensk þýðing eftir Sveinbjörn Egilsson), Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1973.
- V.Á.: Vilhjálmur Árnason. „Saga og siðferði.“ Tímarit Máls og menningar 45. árg., 3. hefti, Reykjavík 1985.

Ársrit Torfhildar
Félags bókmenntafræðinema
við Háskóla Íslands

Ritnefnd og ábyrgðarmenn:

Garðar Baldvinsson, Guðrún H. Sigurðardóttir
Sigurður Ö. Guðbjörnsson, Snorri Már Sigfússon.

© (copyright): 1987, hver höfundur fyrir sig.

Tölvusetning: Rit sf.

Fjölritun, bókband og kápa: Stensill sf.

EFNI

Ritstjórnarspjall		1
Jakob Bjarnar Grétarsson	ljóð	2
Sigríður Rögnvaldsdóttir	Kólibritungnaátið	3
Garðar Baldvinsson	Það mælti mín móðir	11
Reinharð Reinharðsson	Hvar ertu Miss Ellie?	15
Marteinn B. Þórisson og Þorvaldur Þorvaldsson	Höfuðmálið	23
Jón Stefánsson	ljóð	34
Jón Karl Helgason	Hetjur og himpagimpi	35
Snorri Már Sigfússon	Bikarinn	57
Freyr Þormóðsson	Varp	60
Svala Þormóðsdóttir	Bókaskápur Þuru frænku	61
Elín Garðarsdóttir	Tíu uppáhalds bækur	73
Jón Karl Helgason	Sporin	82
Ólafur Haraldsson	Herm þú eftir mér	83
Guðrún H. Sigurðardóttir	ljóð	86
Garðar Baldvinsson	„ég vissi varla hvar“	87
Guðrún H. Sigurðardóttir	ljóð	104
Jón Karl Helgason	Ok 6.28	105
Reinharð Reinharðsson og Sigurður Örn Guðbjörnsson	Tímaritaskrá	109
Garðar Baldvinsson	ljóð	113

